



Wilhelm Bechmann




Wilhelm Bechmann



Karl Guðmundsson

Opið hús þar sem Björn Bergsson fjallaði um tréskera fyrri ára. Myndir af nokkrum skurðverkum eldri meistara hér fyrir ofan og fyrir neðan fundargestir.



Vorferð FÁT

Vorferðin verður farin um Suðurland, komið við í Listasafni Árnesinga, Hveragerði. Þar verða skurðverk eftir Halldór Einarsson skoðuð. Halldór starfaði lengi í Ameríku og vann m.a. við stórt verkefni í “Valhalla”. Síðan verður farið að bænum Forsæti og Ólafur Sigurjónsson heimsóttur og safnið hans skoðað.

Lagt verður af stað kl. 11 frá Mjóddinni. (Enginn kostnaður)
Tilkynnið þáttöku hjá formanni 864 5716 silo@mmedia.is

Margir eru að skera út lampa og lenda í vandræðum með að finna skerm sem hentar. Félagi okkar, Lilja Sigurðardóttir lenti í mikilli leit en fann í Reykjanesbæ Ljósberann sem er skerma og lampagerð. Síminn þar er 867 9126 og eins netfangið unnur.karls@gmail.com

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
2. töl. 18. árgangur 2013



Frá formanni

Teikn um vorið er okkar árlega vorsýning.

Heiðrussýnandi er Anna Lilja Jónsdóttir, meistari í tréskurði. Anna Lilja hefur verið virk í félaginu okkar og verið í stjórn þess í mörg ár. Í gegnum iðnmenntunarferli er hún líklega eini starfandi meistari í faginu. Telst til að það séu þrír aðrir meistarar á lífi en þeir eru orðnir mjög aldraðir.

Karlarnir í stjórn félagsins tóku þá ákvörðun að nú væri komið að áherslu á þáttöku kvenna í tréskurði. Það hefur lengi viljað loða við sú skoðun að það séu eingöngu gamlir kallar sem stundi tréskurð.

Anna Lilja er líklega önnur kvenna til þess að öðlast meistararéttindi, samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum í dag. Soffía Stefánsdóttir, dóttir Stefáns Eiríkssonar, er sú fyrsta. Formaður hefur verið að leita að upplýsingum um Soffíu og að fá t.d. myndir af skurðverkum hennar, en það hefur ekki gengið enn. Er þó kominn á leið og veit að hún bjó á Siglufirði og tekið sér ættarnafn eiginmanns síns, Hjaltalín.

Eins og áður þá eru allir tréskerar velkomnir með skurðverk sín og þá bæði þeir sem eru stutt á veg komnir og eins þeir sem skorið hafa út lengi. Æskilegast væri að skurðverkin hafi ekki verið á sýningu áður og fjöldinn sé eitt til þrjú verk.

Vorferðin okkar verður 11. maí og farið í Listasafn Árnesinga og skoðuð þar skurðverk eftir Halldór Einarsson, sem lengi dvaldi í Ameríku. Bendi hér á vefsíðu sem gott er að skoða www.mbl.is/greinasafn/grein/538826. Einnig verður farið til Ólafs Sigurjónssonar í Forsæti, sem er rétt austan við Selfoss.

Með sumar kveðjum, Sigurjón

Vorsýning

Vorsýning FÁT verður í Gerðubergi í Breiðholti laugardaginn 13. apríl og sunnudaginn 14. apríl milli kl. 14—og 16 báða dagana.

Félagsmenn eru hvattir til að leggja fram skurðarverk. Þitt skurðverk er áhugavert!

**Skil á skurðverkum á vorsýninguna er föstudagur
12. apríl milli kl. 17 og 18 í Gerðubergi.**

Anna Lilja Jónsdóttir

Anna Lilja er heiðurssýnandi á vorsýningu okkar þetta vorið.

Í samtali við Önnu Lilju kom fram að líklega sé hún eini meistari í myndskurði sem er starfandi í dag. “Vonandi verð ég ekki eins og síðasti Geirfuglinn” sagði hún og hló. En líklega eru einir þrír meistarar í viðbót en nokkuð aldraðir. Anna Lilja fæddist í Vestmannaeyjum 1954. Hún lauk stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1974, B.Ed.-próf frá Kennaraháskóla Íslands 1980 og 30 eininga framhaldsnámi í handmenntum frá Kennaraháskóla Íslands 1983. Hún stundaði myndskurðarnám í Skurðlistarskóla Hannesar Flosasonar í um tuttugu ár, með hléum. Lauk burtfararprófi í húsgagnasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1998 og myndskurði 1999. Í námi sínu í Iðnskólanum naut hún handleiðslu Sveins Ólafssonar iðnmeistara í myndskurði.



Hún lauk sveinsprófi í myndskurði árið 2000. Þá voru 46 ár liðin frá því að tekið hafði verið sveinspróf í greininni. Sveinsbréfið var afhent með viðhöfn í Þjóðmenningarhúsinu 14. nóvember 2000 að viðstöddum Iðnaðar- og Menntamálaráðherra. Anna Lilja lauk meistaraprófi í myndskurði frá Iðnskólanum í Reykjavík vorið 2002 og fékk meistarabréf í iðninni í mars 2003. Hún hefur kennt myndskurð meðal annars við Iðnskólans í Reykjavík. Okkur var tíðrætt um meistariformið og leið sem hægt er að fara í gegnum listaháskóla. Taldi Anna Lilja að sú kennsla sem gömlu meistararnir hefðu fengið undir handleiðslu meistarar hefði verið á við það besta sem hægt var að fá. Einnig sóttu þeir tíma í teikningu eins og módelteikningu sem hefði verið á við það sem metið var í erlendum listaháskólum.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins



Í gestabók, sem er hér efst á blaðsíðunni til hægri, gætir hefðbundins forms þar sem Akantus er ráðandi. En Anna Lilja er ekki bundin við það form, eins og sést á skurðverkum sem hér eru. Sést vel að hún er leikin við að teikna sitt eigið form, blanda saman ólíkum þáttum og ná fram dýpt í skurðverkið og laga það að því viðfangsefni sem hentar tilefninu. Anna Lilja er með vinnustofu að Dalshrauni í Hafnarfirði þar sem hún vinnur að list sinni.

Sigurjón

Opið hús

þar sem Bjarni Þór Kristjánsson fjallaði um efnivið sem hentar tréskurði.



Umræða var á opna húsinu um vandamál sem tengist því að verða sér út um hentugan efnivið, hvar hann fæst og eins hversu erfitt er að fá hann rétt tilsníðinn. Bjarni lagði áherslu á þann efnivið sem vex hér á landi.